

Skólaráðsfundur 15.03.2011

Viðbót við skyggnur skólastjóra

Mættir: Friðbjófur, Elín - foreldrafulltrúi, Elísa fulltrúi nemenda, Guðmundína, Björn, Kristína og Björg. Guðmundur og Alda eru fjarverandi.

Dagskrá

1. Skólastarfið

- a. **Skólamáltíðir** verið að skoða það mál alls staðar í kerfinu. Nýtt útboð í apríl. Ber að fara eftir markmiðum Manneldisráðs og það er ljóst að það verður snúið að uppfylla þau markmið - þarf að bæta úr aðstöðunni skólanum. Pottur t.d. til að sjóða súpur kostar tvær til þrjár milljónir. Einnig skiptir miklu máli að sá aðili sem sinnir þessu sé útsjónasamur. Salaskóli er til fyrirmyndar að þessu leyti, ánægja með kokkinn. Við hér í Smáraskóla erum opin fyrir að elda sjálf en það veltur á þeim aðila sem kemur til með að sinna þessu. Kannski verður ekki eins mikið framboð af ávöxtum og grænmeti því sá kostnaður er mikill.
- b. **Comeniusarverkefni** - Friðbjófur sendi á skólaráðsfólk upplýsingar í tölvupósti. Upplýsingar settar inn á heimasíðu til kynningar á verkefninu.
- c. **Forvarnir** - á fimmtudaginn er „Hættu áður þú byrjar“ - 8. - 10. bekkur og foreldrafundur um kvöldið. Hér í Kópavogi er rætt um aukningu á neyslu og framboði á Kannabis.
- d. **Smárahátíð** - bréf frá föður í skólanum. Götuhátíð í hverfinu okkar. Hver gæti verið aðkoma skólans í þessu verkefni. Skólastjórnendur eru afar jákvæður gagnvart þessu verkefni. Strax hefur verið lagt á ráðin um aðkomu skólans. Tekin hefur verið ákvörðun um að vinna hugmyndavinnu sem verkefni í lífsleikni alveg frá 1. - 10. bekk. Samráðsnefnd sett á laggirnar fljótlega.

- e. Rætt var um þær áhyggjur sem víða eru í skólasamfélögum landsins sem tengjast því losi sem getur komið á unglingana okkar ef kennsla fellur mikið niður. Margir vilja meina að það geti haft áhrif til aukinnar neyslu fíkniefna. Við hér í skólanum höfum því miður ekki getað mannað vel **forföll** á elsta stigi vegna þess niðurskurðar sem verið hefur í rekstri bæjarins í þessum málafllokki.
- f. Sveitakeppni grunnskóla Kópavogs í **skák**. Erum í viðræðum við Sigurlaugu tónmenntakennara varðandi áframhaldandi skákkennslu á næsta ári.

2. Skipulag skólastarfs skólaárið 2011 - 2012

- a. Skóladagatal - eftir fund með leikskólastýrum þá voru settir niður skipulagsdagar - er stefnt að því að hafa þá sem mest samræmda í hverfinu. Skertir dagar þurfa að vera sérstaklega merktir á dagatalinu - kom athugasemd frá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd og við aðlögum okkur að því. Umræða um **öskudag** á dagatalinu - hvort það eigi að vera kennsla á öskudag eða skipulagsdagur. Umræða um að margir skipulagsdagar lenda á föstudegi. Fer inn á deildarfundum á morgun. Voru tillögur frá skólanefnd að engir dagar væru prófadagar á yngsta- og miðstigi. Umræða um að hafa dægradvölinu opna lengur - dymbilviku osfrv.

3. Sjálfsmat Smáraskóla

- a. Niðurstöður nemendakönnunar. Samanburður skoðaður og rætt um endurskoðun á spurningum.
- b. Skólapúlsinn Niðurstöður 3 af fimm.

4. PISA 2009

- a. Niðurstöður fyrir Kópavog og Smáraskóla - við stóðum ekki vel að vígi þar. Veltum fyrir okkur af hverju við erum ekki hærri en raun ber vitni. Fólk sammála um að það þurfi að laga þetta.

5. **Skólareglur Smáraskóla** höfum verið að vinna við skólareglurnar í tengslum við nýja reglugerð um ábyrgð nemenda í grunnskólum. Hagsmunahópar hafa fengið að koma með sínar skoðanir á þessu. Friðþjófur hefur áhuga á að fara svo yfir þetta á opnum fundi í maí.

6. **Nýtt skipurit Kópavogs** - skyggna varðandi þetta nýja skipurit. Við, starfsfólk Smáraskóla fengum heimsókn frá starfsfólki grunnskóladeildar þeim Tómasi Jónssyni, Ragnheiði Hermannsdóttur og Hannesi Sveinbjörnssyni, þar sem þau kynntu sig og starfsemi grunnskóladeildarinnar.

7. **Önnur mál** - engin önnur mál komu fram.

Fundi slitið kl. 18.00